

Umsögn um þingmál

Dags: 15.03.2021

Heiti þingmáls: Frumvarp til laga um um stjórnarskipunarlæg
(kosningaaldur), 188. mál.

Höfundur: Hrafnhildur Guðjónsdóttir

Ritað fyrir: Ungmennaráð Akureyrarbæjar



AKUREYRARBÆR
Samfélagssvið

Ungmennaráð Akureyrarbæjar styður frumvarp til lækkunar kosningaraldurs og hvetur alþingismenn til að gera slíkt hið sama.

Það að þetta mál sé búið að vera inn og út úr kerfinu finnst okkur ömurlegt en ef það hefur einhvern tíman verið rétt tímasetning að ýta þessu í gegn þá er það núna.

Síðast liðin ár hefur ungt fólk verið að berjast og auka rödd sína innan samfélagsins og hefur kallað eftir því að fá fleiri og stærri vettvanga til að láta rödd sína heyrast. Einn af þeim hlutum sem heyrst hefur er lækkun kosningaraldurs. Ungt íslenskt fólk hefur áhuga, vilja og getu til að taka ábyrgð.

Ungt fólk á Íslandi byrjar að greiða skatt þegar það nær 16 ára aldri og greiðir skatt restina að lífi, samt fær það ekki að kjósa um hvert þessi peningur fer líkt og allir aðrir skattgreiðendur, 18 ára og eldri.

Samkvæmt jafnaðarreglunni er óheimilt að mismuna þegnum landsins vegna m.a. kyns, húðlits og aldurs. Þó er það það sem er verið að gera gagnvart 16 og 17 ára ungmönnum. Við teljum að 16 ára og 17 ára skattgreiðendur eigi rétt á sömu réttindum og aðrir skattgreiðendur en á móti kemur að kennarar, foreldrar og alþingisflokkar verða að leggja það á sig að ná til ungmenna og kynna starfið fyrir þeim.

Oft þegar rætt er um lækkun kosningaraldurs þá á eldra fólk til að færa þau mótrök að ungt fólk muni bara fylgja foreldrum sínum. Auðvitað myndu þau gera það ef enginn kynnir sitt starf!

Þegar þú stendur fyrir ákvörðun sem þú veist lítið eða jafnvel ekkert um þá er ekki óeðlilegt að ungt fólk fylgir þeim aðilum sem þau treysta en að sama skapi er ekkert sem kemur í veg fyrir að 18 ára aðilar greiði atkvæði með einhverjum sem þau treysta líkt og foreldri.

Því er bráðnauðsynlegt að ef þetta frumvarp fer í gegn verður að leggja fram einhverskonar beinagrind að kynningarstarfi til ungmenna til að auka áhuga og virkni í bæjar- sem og landspólitík.